



Varðandi: Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar
Málsnúmer: 1801118
Dagsetning: 20.01.2019

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 96. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 16. janúar 2019 var fjallað Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar, grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Samþykkt var að leggja til við bæjarráð að hækka grunnupphæð fjárhagsaðstoðar á árinu 2019 um 2.9%.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Í upphafi árs 2018 var samþykkt í velferðar- og mannréttindaráði og síðar í bæjarráði og bæjarstjórn hækkun á grunnupphæð í Reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar. Hækkunin nam um 7.37% en grunnfjárhæðin hafði ekki verið hækkuð þá í nokkurn tíma.

Á 96. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 16. janúar 2019 var fjallað Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að hækka grunnupphæð fjárhagsaðstoðar um 2.9% á árinu 2019. Breytist 11. grein í Reglum í fjárhagsaðstoð í samræmi við það.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Svala Hreinsdóttir
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs